

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2013

2014/EES/13/03

frá 8. október 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2013 frá 19. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar ákvörðun losunar koltvísýrings frá ökutækjum sem lögð eru fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008) og í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0143**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2013 frá 19. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 51).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 143/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 51.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.